

# Minnisblað

Til:  
Frá: Fannar Þór Þorfinnsson  
Dags. 7. nóvember 2017  
Mnr. 2011030002



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - Ærslabelgur

Settur var upp ærslabelgur í Bolungarvík núna í sumar af Einari Karlssyni sem hefur alfarið séð um uppsetningu á þessum belgjum hér á landi.

Sú stærð sem var sett í Bolungarvík er  $11,2 \times 9 = 101 \text{ m}^2$  og kostaði það 1,750,000 kr.- + vsk. Innifalið í því verði er allt sem tilheyrir belgnum, það sem Ísafjarðarbær þyrfti að útvega og er ekki innifalið í verðinu er lítil mini grafa með 40 cm breiðri skóflu, mann á gröfuna, torf (40 metrar af 50 cm breiðu torfi), gistingu í 2-3 nætur ásamt því að útvega rafmagn í loftdælu sem sér um að dæla lofti í belginn.

Uppsetning á ærslabelg	2,170,000 kr.-
<u>Útlagður kostnaður Ísafjarðabæjar við gröft ofl</u>	<u>500,000 kr.-</u>
<b>Samtals m/vsk</b>	<b>2,670,000 kr.</b>

Sú staðsetning sem hverfisráð óskar eftir að ærslabelgur verði settur á hentar illa þar sem um er að ræða byggingalóð, fyrirhugað er að Safnahúsið verði staðsett á þessu svæði.